

| Yfirskrift | Fundargerð stjórnarfundar FFR | | | | |
|----------------------------|---|------------|---------------|------|---------------|
| Stjórnarfundur nr. 10 2017 | 10 | Dagsetning | 10. okt. 2017 | Tími | 12:00 – 13:30 |
| Fundarstaður | Umhverfisstofnun | | | | |
| Fundarstjóri | BK | | | | |
| Ritari | BK | | | | |
| Mættir (fjarverandi) | BK, (ISS), ÁG, MG, KLÁ, HÓS, (MH), EB gegnum fjarfundabúnað og Guðrún Ragnarsdóttir síðasta hálf tímann | | | | |
| Fylgiskjöl | Umsóknir þriggja umsækjanda um starf fyrir FFR | | | | |
| Vistun gagna | ISS | | | | |

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð stjórnarfundar 14. sept. var send út, engar athugasemdir bárust og var hún samþykkt.

2. Tillaga 1: Umsókn um starf

Auglýsing um starfið birtis í Fréttablaðinu helgina 23.-24. sept., umsóknarfrestur var til 6. okt. Fjórar umsóknir bárust og var ein dregin tilbaka. Ákveðið var að BK og ISS tækju viðtöl við umsækjendur. Rætt var lauslega um laun.

3. Tillaga 2: Niðurstöður vinnustofu

Vinnustofa var haldin í húsnæði Starfsmenntar við Skipholt, góð þátttaka var á fundinum. Guðrún Ragnarsdóttir lýsti fundinum og fór yfir helstu niðurstöður. Einnig verður haldinn rýnifundur þriðjudag 17. október, þar sem ákveðnir forstöðumenn sitja með ráðuneytisstarfsmönnum og fara yfir hæfnismat.

4. Tillaga 3: Endurskoðun laga FFR

Hefja þarf vinnu við endurskoðun laga félagsins sem fyrst. Rætt var um að breyta að einhverju leiti ferlinu við framboð til formanns og stjórnarmanna þannig að ferlið yrði gert gagnsærra. BK og KLÁ hafa frumkvæði í málinu.

5. Yfirferð á bréfi KLÁ og Nielsar

Lagt var fram bréf KLÁ og Nielsar Einarssonar til umhverfis- og auðlindaráðherra um ákvörðun ráðherra um að auglýsa störf þeirra. Óskari Norðmann lögfræðingur hafði lesið bréfið yfir. Upplýst var um að líkur séu á að allir forstjórar stofnana undir umhverfis- og auðlindaráðuneyti munu einnig senda bréf til ráðherra, þar sem nýju vinnulagi varðandi 5 ára reglu verður andmælt.

6. Fréttir af samráðsfundum FFR og KMR

Guðrún Ragnarsdóttir sagði stuttlega frá samráðsfundum FFR og KMR.

7. Önnur mál

- Ný umsókn í Starfsmenntunarsjóð embættismanna? – Málið var ekki útrætt.